



MYRKIR
MÚSÍKDAGAR

25.-27. janúar 2018



Yrkja III (IS)
Uppskerutónleikar
Norðurljós, Harpa
12:00
aðgangur ókeypis

Yrkja er samstarfsverkefni Íslenskrar tónverkamiðstöðvar og ýmissa tónlistarstofnana og tónlistarhópa. Verkefnið miðar að því að búa tónskáld undir starf í faglegu umhverfi hjá hljómsveitum, hátíðum og öðrum listastofnunum.

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur þrjú undanfarin starfsár tekið þátt í Yrkju og þannig gefið ungum tónskáldum tækifæri til að kynna hljómsveitinni í návígi. Fimm manna dómnefnd, skipuð tónskáldum og meðlimum Sinfóníunnar, valdi þau Gísli Magnússon og Veronique Vöku Jacques til þátttöku í ár. Þau hafa starfað með hljómsveitinni í níu mánuði og hafa þannig fengið tækifæri til að þróa færni sína í að semja fyrir hljómsveit.

Daníel Bjarnason staðarlistamaður hefur veg og vanda af verkefninu. Hann leiðir vinnustofur með tónskáldunum og stjórnar auk þess tónleikunum þar sem verkin hljóma fullmótuð.

Efnisskrá

Gísli Magnússon
Akvocirkulado (2018) 12'

Veronique Vaka
Rift (2018) 10'

Bæði verk eru frumflutt

Flytjandi: Sinfóníuhljómsveit Íslands
Stjórnandi: Daníel Bjarnason
Kynnir: Elísabet Indra Ragnarsdóttir

Gísli Magnússon nam tónsmíðar við Listaháskóla Íslands á árunum 2010 - 2013 og síðar við Konservatoríið í Amsterdam, þaðan sem hann lauk meistaraþrófi vorið 2016. Helstu tónsmíðakennarar Gísla hafa verið Gunnar Andreas Kristinsson, Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson, Atli Ingólfsson, Joël Bons, Willem Jeths og Wim Henderickx, en auk tónsmíðanáms hefur hann sótt tíma í orgelleik hjá Birni Steinari Sólbergssyni og semballeik hjá Tilman Gey. Gísli sækir óspart innblástur í náttúruna og dregur gjarnan upp skýrar og afdráttarlausar myndir af náttúrufyrirbrigðum í tónum. Verkum hans hefur meðal annars verið lýst með eftirfarandi orðum:

„Hann skapar hljóðheima og hefur mikinn áhuga á ólíkum litbrigðum hinna ýmsu hljóðfæra. Það eru jafnframt miklir andstæður milli íburðarleysis og tónlistarlegrar ólgu. Ég upplifi verkið hans sem ferðalag um landslag.“ – Arnold Marinissen

Tónlist Gísla hefur verið flutt af ýmsum tónlistarmönnum og -hópum hér á landi, sem og í Svíþjóð og Hollandi, en heyrir nú í fyrsta sinn í meðförum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Um verkið hefur tónkaldið þetta að segja:
„Titill verksins, „Akvocirkulado“, er fenginn að láni úr esperanto og merkir „hringrás vatns“, og vísar þar með til hins stöðuga streymis vatns hér á jörðu: Frá hafinu, gufar það upp í andrúmsloftið, rignir aftur niður til jarðar, og streymir loks niður læki og ár, aftur til hafsins. – Þetta er ferlið sem ég reyni að lýsa í tónlistinni.“

Veronique Vaka, sellóleikari og tónskáld, er fædd í Kanada en búsett á Íslandi. Hún lagði stund á klassískan sellóleik við Vincent-d'Indy og hélt svo námi sínu áfram í tónsmíðum raftónlistar við háskólann í Montreal. Veronique er þessa stundina í meistaranámi í tónsmíðum við Listaháskóla Íslands undir leiðsögn Páls Ragnars Pálssonar og Þuríðar Jónsdóttur. Veronique hóf að nálgast tónlistarsköpun sína á sértækari hátt þegar hún hafðist handa við verkefnið sitt: From Landscape to Music Notation. Tilgangur þessa verkefnis er að skapa nokkurs konar ljóðrænt samband milli þess sem hún sér, heyrir og finnur fyrir í óspilltri náttúrunni, og sameina í tónverk. Tónsmíðastíl hennar getur verið lýst sem lífrænum, sjálfsprottum, með áherslu á smáatriði eins og í takti og hrynjandi, áferð og tónblæ.

Veronique Vaka hefur samið verk fyrir Sinfóníuhljómsveit Áhugamanna, Ensemble paramirabo, Duo Harpverk, Ensemble Synaethesis, Ensemble Adapter, Caput Ensemble og Sinfóníuhljómsveit Íslands sem hluti af verkefninu YRKJA III.

Um Rift

„Rift er kortlagning af landslagi Búrfellsgjár þar sem ég sá fyrir mér eldsumbrotin sem þar áttu sér stað fyrir um 8000 árum. Verkið hefst í öskjunni og heldur síðan niður á við. Niður hraunrásirnar sem renna saman og mynda feiknastórt hraunfljót sem síðan tvístrast í læki og hraunið rennur alla leið til sjávar.

Í gegnum samtvíning ímyndunarafls og vettvangsvinnu, safnaði ég gögnum sem þróuðust í hugmyndir að tónverki. Landslagsþættir urðu aðal uppbyggingarefni verksins, leifar þessa fljótandi hrauns, mótað í tímans rás höfðu áhrif á tíðni-sviðið sem og tíðnirófið. Hinar fjölmörgu sprungur og gjár komu af stað nýrri atburðarás, margbreytilegir litir landsins settu svip sinn á tónblæinn og frekari smáatriðum var lýst með nýrri leiktækni.“

www.veroniquevaka.com